



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.

#### 1. Sá sem váttryggður er.

1.1 Váttryggingartaki er váttryggður. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem réttthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum eignarréttindum í eigninni. Váttryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur hún niður við eigendaskipti. Váttryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

#### 2. Hin váttryggða húseign.

2.1 Váttryggingin nær til þeirrar húseignar eða þess hluta húseignar sem nefnd er í váttryggingarskírteininu ásamt fylgifé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu fasteignarinnar.

#### 3. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar.

3.1. Váttryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:

- stríð, óeirðir, uppgot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
- tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
- eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
- hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

3.2 Váttryggingin nær ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við allar dagsetningar, hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma.

Með “**dagsetningu**” er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja.

Með “**búnaði**” er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur.

Með “**kerfi**” er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óáþreifanlegs eða áþreifanlegs.

**Undanþága þessi nær ekki til tjóns, sem stafar af bruna, sprengingu, hrap, þjófnaði eða vatnsskaða.**

#### 4. Svik og rangar upplýsingar.

4.1. Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. (grein) váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

4.2. Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

#### 5. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi váttryggðs.

5.1. Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir sé um íbúðar- eða orlofshúsnæði að ræða og tjóninu er valdið af maka váttryggðs eða öðrum þeim sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.

#### 6. Gildistími – endurnýjun og uppsögn.

6.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. 7.1. Ekki er þó skylt að



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

- 6.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. (málgrein) getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.
- 6.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

### 7. Greiðsla iðgjalds.

- 7.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 7.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 7.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 7.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 7.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 7.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 8. Áhættuskoðun.

- 8.1 Félagið áskilur sér rétt til að áhættuskoða hina váttryggðu eign hvenær sem þörf þykir.

### 9. Viðbyggingar og endurbætur.

- 9.1 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verulega verðaukningu váttryggðrar eignar og þess sé gætt að váttryggingarfjárhæð verði ekki lægri en váttryggingarverðmætið. Sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.

### 10. Aukin áhætta.

- 10.1 Allar breytingar á gerð váttryggðrar eignar og notkun er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti váttryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu leysist félagið úr ábyrgð samkvæmt reglum laga um váttryggingarsamninga.

### 11. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 11.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að váttryggingin nái til, verði gerð á hendur honum. Jafnframt skal tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot með ósk um rannsókn.
- 11.2 Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 11.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjón áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 11.4 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. til 3. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um váttryggingarsamninga.

# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 12. Vátrygging hjá öðru félagi.

12.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. (númer) 30/2004.

### 13. Greiðsla bóta, vextir og eigin áhætta.

13.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

13.2 Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar, t.d talið hann sem innskatt skv. lögum um virðisaukaskatt, eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns, skulu bætur lækka sem því nemur.

### 14. Vátryggingarfjárhæð.

14.1 Vátryggingarfjárhæðin miðast við brunabótamat húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs eins og það er á hverjum tíma, sbr. þó 41.1.

### 15. Endurkröfuréttur.

15.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur á öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu sem það hefur greitt vátryggðum bætur.

### 16. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

16.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

16.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.

16.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 17. Lög um vátryggingarsamninga.

17.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

### 18. Vátryggingarsvið.

18.1 Í vátryggingu þessari eru tíu tegundir vátrygginga með eftirfarandi heiti:

- I. Vatnstjónstrygging,
- II. Glertrygging,
- III. Foktrygging,
- IV. Húsaleigutrygging,
- V. Innbrotstrygging,
- VI. Sótfallstrygging,
- VII. Skýfalls- og asahlákutrygging,
- VIII. Frostsprungutrygging,
- IX. Snjópungatrygging,
- X Brots- og hrunstrygging,
- XI. Ábyrgðartrygging húseiganda.

## SKILMÁLAR FYRIR EINSTAKAR VÁTRYGGINGAR.

### I. VATNSTJÓNSTRYGGING.

#### 19. Það sem vátryggingin bætir.

19.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri eign sem á upptök sín innan útveggja hússins og hlýst af skyndilegum og óvæntum leka úr:



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- a. vatnsleiðslum hússins,
  - b. salernisskálum, handlaugum, baðkerum, vöskum, þvottavélum og uppþvottavélum,
  - c. miðstöðvarkerfi,
  - d. frárennslisleiðslum,
  - e. vatnshönum sem gleymst hefur að skrúfa fyrir.
- 19.2 Tjón vegna leka úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum bætist í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í húsinu.

### 20. Undanskildar áhættur.

- 20.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón á vatnsleiðslum og öðrum tækjum sem greind eru í gr. a. – e. liðum gr. 19.1, né heldur kostnað við endurlögn eða lagfæringu tækja þessara,
  - b. tjón vegna utanaðkomandi vatns svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra,
  - c. tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennslisleiðslum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst, þó bætast slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

### 21. Varúðarregla.

- 21.1 Í óupphituðum húsum skal vera lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn og viðtengd tæki skulu vera tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

### 22. Uppgjör bóta.

- 22.1 Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á húseigninni. Bætur greiðast einnig fyrir uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Bætur greiðast ekki fyrir þá muni sem sem greinir í a. lið gr. 20.1.
- 22.2 Þá er bilun verður telst hún og þær afleiðingar, sem koma fram þar til viðgerð er lokið, vera eitt sérstakt tjón. Aðrar bilanir sem fram kunna að koma síðar, teljast nýtt tjón jafnvel þótt álíta megi að þær standi í beinu sambandi við fyrri bilun.
- 22.3. Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## II. GLERTRYGGING.

### 23. Vátryggingarsvið.

- 23.1 Vátryggingin tekur til venjulegs, slétts rúðuglers í húsi því eða húseignarhluta sem getið er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.
- 23.2 Vátryggingin tekur einnig til glers í auglýsingakössum og í afgreiðsluborðum.

### 24. Það sem vátryggingin bætir.

- 24.1 Vátryggingin bætir:
- a. brot á hinu váryggða gleri,
  - b. kostnað við uppsetningu bráðabirgðahlera í stað glers eftir bótaskyldt tjón,
  - c. brot á gler- og plastskiltum ásamt ljósabúnaði hafi verið beðið um vátryggingu fyrir því.

### 25. Undanskildar áhættur.

- 25.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón sem fólgir er í því að úr glerinu flísast eða það rispast án þess að brotna,
  - b. tjón vegna óþættra samskeyta á tvöföldu eða þreföldu gleri,
  - c. tjón vegna útlitsbreytingar, svo sem ef um er að ræða litamun á þeim rúðum sem skipt er um og hinum sem fyrir eru,



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- d. tjón vegna eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging húseigna nær til,
- e. tjón af völdum byggingarframkvæmda eða viðgerðar utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema um sé að ræða málun eða venjulegt viðhald húss,
- f. tjón vegna vinnu við breytingu nálægt glerinu eða ramma þess, né heldur skemmdir sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. loftloku eða vinnu við slíkan útbúnað,
- g. tjón sem orskast vegna þenslu, vindings eða af ónógu viðhaldi ramma eða lista,
- h. tjón vegna þess að lampar eða hitatæki hafa verið notuð til að verja glerið frosti eða móðu.

### 26. Uppgjör bóta.

- 26.1 Allt tjón er bætt með útvegum sams konar hluta og tjón varð á ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði.
- 26.2 Sé ekki unnt að útvega sams konar hluti og tjón varð á greiðir félagið váttryggðum upphæð sem svarar til verðs hins váttryggða hlutar ef hann fengist á markaðnum.

## III. FOKTRYGGING.

### 27. Það sem váttryggingin bætir.

- 27.1 Skemmdir á hinu váttryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því, sem váttryggt er, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 28,5 m/sek. (metrar á sekúndu) samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.
- 27.2 Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hlíðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

### 28. Undanskilin áhætta.

- 28.1 Váttryggingin bætir ekki:
  - a. tjón á loftnetum, loftnetsstöngum eða fánastöngum,
  - b. tjón af völdum sandfoks.

### 29. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 29.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## IV. HÚSALEIGUTRYGGING.

### 30. Það sem váttryggingin bætir.

- 30.1 Ef nauðsynlegt reynist að rýma húsnæðið vegna tjóns sem greiðsluskylt er samkvæmt váttryggingarskilmálum þessum eða lögboðinni brunatrygginu húseignarinnar greiðir félagið húsaleigu sem váttryggður tapar af þessum sökum. Leggja skal til grundvallar eðlilega húsaleigu váttryggðs húsnæðis þann tíma sem viðgerð stendur yfir en bætur geta þó ekki numið meira en 6 o/oo af váttryggingarfjárhæðinni fyrir hvern mánuð. Bætur greiðast ekki fyrir lengri tíma en sex mánuði eftir hvert bótaskylt tjón.
- 30.2 Eyðileggist húsið og sé ekki gert við það reiknast bæturnar ein mánaðarleiga. Váttryggingin á við hvort sem váttryggður notar sjálfur húsnæðið eða leigir það öðrum.

## V. INNBROTSTRYGGING.

### 31. Það sem váttryggingin bætir.

- 31.1 Váttryggingin bætir skemmdir á váttryggðri eign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Það telst innbrot þegar farið er í heimildarleysi inn í hús með því að brjóta upp læsingu eða með stolnum lykli eða með öðrum sambærilegum afbrigðilegum ráðum. Það telst einnig innbrot þegar farið er inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu.
- 31.2 Skemmdir á póstkössum bætast ekki.



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 32. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

32.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## VI. SÓTFALLSTRYGGING.

### 33. Það sem vátryggingin bætir.

33.1 Vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri eign sökum skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum.

### 34. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

34.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## VII. SKÝFALLS- OG ASAHLÁKUTRYGGING.

### 35. Það sem vátryggingin bætir.

35.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku), en með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verður skyndilega svo mikið að jarðvegskiðurföll leiða það ekki frá.

### 36. Varúðarregla.

36.1 Vátryggður skal hreinsa frá niðurföllum við hina vátryggðu fasteign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

### 37. Undanskildar áhættur.

37.1 Vátryggingin bætir aldrei tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns.

### 38. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

38.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## VIII. FROSTSPRUNGUTRYGGING.

### 39. Það sem vátryggingin bætir.

39.1 Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi hinnar vátryggðu húseignar sem verður við það að hitakerfi hússins bilar skyndilega.

39.2 Tjón af völdum vatns er bætt úr vatnstjónstryggingunni.

## IX. SNJÓPUNGATRYGGING

### 40. Það sem vátryggingin bætir.

40.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign, sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar.

### 41. Undanskildar áhættur.

41.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem er afleiðing byggingargalla eða ófullnægjandi viðhalds.





# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 42. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

42.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## X. BROTS- OG HRUNSTRYGGING.

### 43. Það sem vátryggingin bætir.

43.1 Vátryggingin bætir tjón sem verður á vátryggðri húseign ef innanhúsloftklæðning, naglföst innrétting eða hlutar þeirra falla niður vegna skyndilegrar bilunar.

### 44. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

44.1 Verði tjón á gólfefni eru eingöngu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem það skemmist. Þá skal við uppgjör tjóns á gólfefni sem er eldra en fimm ára dragast frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram fimm ár. Frádrátturinn getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## XI. ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGANDA.

### 45. Vátryggingarsvið.

45.1 Félagið vátryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er skírteinið greinir.

45.2 Vátryggingin nær aðeins til tjóns sem verður vegna húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með talið fasteignum og dýrum) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

### 46. Takmarkanir á gildissviði ábyrgðartryggingarinnar.

46.1 Ábyrgðartryggingin tekur ekki til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna atvika sem tilgreind eru í 2. til 9. mgr. hér á eftir.

46.2 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki vátryggingartaka eða annar sá aðili sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.

46.3 Tjón á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.

46.4 Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

46.5 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Sama gildir um tjón á hlutum í sambandi við slíka mengun. Félagið bætir þó tjón af síðastnefndu tagi ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.

46.6 Tjón, sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.

46.7 Eignatjón sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.

46.8 Sektir, málskostnaður eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

46.9 Endurkrafa frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingaraðilum.

### 47. Ábyrgð vegna viðhalds húss og byggingarframkvæmda.

47.1 Vátryggingin nær til ábyrgðar húseigenda vegna tjóns sem hlýst af minni háttar viðhaldi húss.

47.2 Vátryggður skal tilkynna félaginu og semja um viðbótartryggingu, ef kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss fer fram úr 5% af brunabótamatsverði þess og óski hann eftir því að áhætta vegna framkvæmdanna verði innifalin í vátryggingunni. Sé aðeins um að ræða vátryggingu vegna eignarhluta í húsi skal miða við matsverð eignarhlutans.

47.3 Félagið bætir ekki tjón sem verður vegna byggingarframkvæmda, t.d. (til dæmis) vinnu við stækkun, endurbætur, breytingu eða skreytingu hinnar vátryggðu fasteignar, nema vátryggður tilkynni það félaginu áður og semji um viðbótartryggingu.

47.4 Vátryggður skal greiða viðbótariðgjald fyrir áhættu skv. 2. og 3. mgr., svo og ef vinnupallar eru notaðir við viðhaldsvinnu, enda þótt kostnaður sé minni en áður greinir.



# 400 Húseigendatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 48. Tímatakörk váttryggingarinnar.

- 48.1 Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis sem tjón hefur hlotist af og hafa átt sér stað á váttryggingartímanum ekki ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er váttryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.
- 48.2 Leiki vafi á um það hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni ber að telja það hafa orðið er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

### 49. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta váttryggðs.

- 49.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar og samanlagt á váttryggingartímabilinu er sú fjárhæð sem tilgreind er á váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini.
- 49.2 Vegna hvers váttryggingaratburðar ber váttryggður eigin áhættu sem nánar er tilgreind á váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

### 50. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

- 50.1 Ef bótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði sem váttryggingin nær til, á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað sem af þessu leiðir greiðir félagið, enda þótt kostnaður og bætur samanlagt séu hærri en váttryggingarfjárhæðin.

### 51. Réttur til að greiða til tjónþola og til útborgunar á váttryggingarfjárhæðinni.

- 51.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Þegar váttryggður er ábyrgur vegna tjóns getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða þá váttryggingarfjárhæð sem við á og áfallna vexti og kostnað sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

### Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. desember 2022.